

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, nr. 774 18. október 2000.

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 4. gr. orðast svo: Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings fyrri hluta prófi sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við laga-deild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

2. gr.

2. másl. 2. mgr. 6. gr. orðast svo: Ennfremur er prófnefndinni heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands eða þeim háskólum, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

3. gr.

17. gr. orðast svo:

Prófnefnd getur ákveðið að þeir, sem lokið hafa prófi í tiltekinni eða tilteknum kjörgreinum við háskóla sem kennir lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, þurfi ekki að sækja kennslu og þreyta próf í einhverri eða einhverjum þeirra greina sem taldar eru upp í 5. og 10. gr.

4. gr.

18. gr. orðast svo:

Prófnefnd er heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands eða þeim háskólum, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og sem viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, að hafa umsjón með framkvæmd námskeiða og prófa, fyrir hönd nefndarinnar, þ. á m. að sjá um skráningu á námskeið og innheimtu gjalda skv. 16. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um lögmennt nr. 77 15. júní 1998, sbr. 5. gr. laga nr. 93/2004, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.